


Siðareglur birgja

Við hjá Arion banka viljum vanda til verka og leggja okkar af mörkum til sjálfbærrar þróunar. Við leitumst við að eiga í viðskiptum við birgja sem deila þessari sýn okkar. Siðareglum þessum er ætlað að gefa góða mynd af því til hvers við ætlumst af okkar birgjum varðandi umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti.

Arion banki er aðili að Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð fyrirtækja og var með fyrstu aðilum til að undirrita meginreglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB). Með því skuldbindur bankinn sig til að vinna að og hvetja til sjálfbærrar þróunar í allri sinni virðiskeðju, þ.m.t. í viðskiptum við birgja.



Umhverfis- og loftslagsmál

Birgir skal:

- Vinna að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni, þ.m.t. í vöruframboði og þjónustu.
- Starfa samkvæmt viðeigandi lögum og reglum.
- Gera það sem í hans valdi stendur til að skuldbindingum og markmiðum Parísar-samkomulagsins verði náð.



Jafnrétti og mannréttindi

Birgir skal:

- Tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks án tillits til kyns, kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, litarhafts, aldurs, fötlunar, trúar, eða annarrar stöðu og starfa samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði.
- Tryggja að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi séu ekki liðin í sinni starfsemi.
- Virða alþjóðleg mannréttindi í allri sinni starfsemi.





Félagafrelsi, vinnuréttindi og barnavinna

Birgir skal:

- Virða félagafrelsi og kjarasamningsbundinn rétt starfsfólks.
- Tryggja að starfsfólk vinni störf sín af fúsum og frjálsum vilja og án nauðungar.
- Fara eftir lögum og reglum um réttindi barna, þar á meðal sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns. Í því felst til að mynda að tryggja að börn undir 18 ára sinni ekki störfum sem geta ógnað heilsu þeirra og/eða öryggi og virða rétt þeirra til þroska, velferðar og menntunar.



Heilsa, öryggi og aðbúnaður starfsfólks

Birgir skal:

- Hlúa vel að starfsfólki sínu, tryggja öryggi þess og velferð og stuðla að heilsusamlegu starfsumhverfi.
- Starfa samkvæmt lögum og reglum á vinnumarkaði um kjör og aðbúnað starfsfólks.



Spilling og mútur

Birgir skal:

- Vinna gegn mútum og spillingu og bjóða engum hvatagreiðslur og/eða annars konar umbun sem viðkomandi á ekki tilkall til í skiptum fyrir að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem fer í bága við starfsskyldur viðkomandi.



Hagsmunaárekstrar

Birgir skal:

- Gæta að hugsanlegum hagsmunaárekstrum og gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunir Arion banka og annarra viðskiptavina skaðist við slíkar aðstæður.



Keðjuábyrgð

Birgir skal:

- Gera sambærilegar kröfur til sinna birgja og undirverktaka varðandi umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti og koma fram í þessum siðareglum.

Með „birgi“ er átt við fyrirtæki eða einstakling sem sér Arion banka fyrir vörum eða þjónustu.

